

Mál nr. 207/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við framúrakstur á Eyjafjarðarbraut eystri þann 11.05. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttengið 09.07. 2010.
- 2) Viðbrögð vátryggingafélaganna við málskotinu.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera alla sök á árekstrinum. Á vettvangi er hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði inn á afleggjara sem þarna er. Ökumanni A hafi því verið óheimilt að aka framúr.

Vátryggingafélag A telur að ökmumaður B beri meginábyrgð á árekstrinum.

M (A) vísar til þess að vátryggingfélag B hafi ekki viljað hlíta niðurstöðu Tjónanefnar vátrygginga-félaganna. Hann kveðst hafa tekið löglega framúr traktorum (B). Hann hafi ekki séð stefnumerki á B og því ekið farmúr.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan framúrakstur. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð fyrir að huga ekki nægjanlega að umferð sem á eftir kom.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 17. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.